

Mánudaginn 9. september 1991.

Nr. 354/1991: **Hótel Stefanía hf.**

gegn

Búnaðarbanka Íslands.

Kærumál. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Erlingur Sigtryggsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, kvað upp hinn kærða úrskurð 1. ágúst sl. Með úrskurðinum synjaði hann beiðni sóknaraðila um frestun úrskurðar um töku bús sóknaraðila til gjaldprotaskipta að kröfu varnaraðila.

Sóknaraðili skaut úrskurðinum til Hæstaréttar með kæru 6. ágúst sl., sem barst Hæstarétti 22. s.m.

Af hálfu varnaraðila er þess krafist, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar samkvæmt 2. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 23. gr. laga nr. 54/1988.

Lagaheimild brestur til að kæra úrskurð þennan, sbr. gagn-ályktun frá j-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973, en 2. tl. sömu mgr. takmarkast af heimildum 1. tl. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaðar er ekki krafist.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.
